


# Menntaskóli í tónlist

Ytra mat á haustönn 2018



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Védís Grönvold og Þórir Ólafsson

Ytra mat á starfsemi Menntaskóla í tónlist á haustönn 2018  
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Védís Grönvold  
Þórir Ólafsson  
Forsíðumynd: Zschreiner með leyfi shutterstock.com  
ISBN 978-9979-0-2327-2

## Heildarniðurstöður

Menntaskóli í tónlist (MÍT) var fyrstur skóla til að hljóta viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi til kennslu í tónlist með landið allt sem upptökusvæði. Skólinn hóf starf á haustönn 2017 en á sér sterkan faglegan bakgrunn í starfsemi tveggja rótgróinna tónlistarskóla, Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólans í Reykjavík, er stóðu að stofnun hans.

Skólinn byggir á framsækinni menntastefnu sem hefur m.a. verið mótuð í samráði við kennara. Fyrir liggur að marka heildarstefnu um menntun, uppeldisstarf og velferð nemenda með hliðsjón af sérstöðu hins nýja skóla. Sóknarfæri eru í kennslunni til frekari samþættingar klassískrar og rytmískrar tónlistar.

Skólanámskrá MÍT er heildstæð og vel unnin og vefur skólans aðlaðandi og upplýsandi um skólastarfið. Til glöggvunar væri að setja fyrirvara í skólanámskrá um þá þætti skólastarfsins sem enn eru í mótun. Lýsing á sjálfsmati í skólanámskrá á t.d. eftir að hrinda í framkvæmd.

Móta þarf fyrirkomulag og koma reglu á útgáfu ársskýrslu skólans. Jafnframt verði samdar áætlanir um jafnréttis- og umhverfismál.

Skólinn hefur komið á reglubundinni upplýsingagjöf til foreldra yngri nemenda en huga verður að meiri aðkomu foreldrafélags að ákvörðunum um stefnu og þjónustu við nemendur.

Stjórn nýstofnaðs nemendafélags MÍT hefur þegar staðið fyrir ákveðnum viðburðum í félagsstarfi nemenda. Stjórnendur skólans styðja vel við starf nemendafélagsins. Það verkefni bíður hins vegar að koma á reglulegu samráði við nemendur um starf og stefnu skólans.

Skólameistari nýtur trausts sem faglegur leiðtogi skólastarfsins og vel er látið af samskiptum við alla stjórnendur skólans. Starfslýsingar stjórnenda og skipurit þarf að uppfæra og huga að viðveru stjórnenda á báðum kennslustöðum skólans.

Kennarar eru áhugasamir um að byggja upp metnaðarfulla menntun. Kennslan er að miklu leyti einstaklingsmiðuð og einkennist af gagnkvæmum metnaði nemenda og kennara. Nemendur sem rætt var við eru ánægðir með námið í MÍT.

Kennarar nýta vefsvæði INNU til nemendabókhalds en vinna þarf að víðtækari nýtingu kerfisins til stuðnings við nemendur s.s. verkefnavinnu og námsmat. Koma þarf skipulagi á gerð og birtingu kennsluáætlana hvernar annar.

Kennarar MÍT eru nánast allir í hlutastarfi við kennslu. Þeir ráðast til starfa fyrst og fremst fyrir sérþekkingu og færni á ákveðnu sérsviði tónlistar. Þrátt fyrir mikla menntun almennt eru fáir með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Hugsa verður að þeirri stöðu vegna krafna í lögum um kennsluréttindi framhaldsskólakennara.

Kennsla MÍT fer fram á tveimur stöðum og setur það starfseminni talsverðar skorður og mikill akkur væri í því að koma kennslunni undir eitt þak. Hluti húsnæðisins uppfyllir ekki eðlilegar kröfur til kennslu í tónlist og skortur er á æfingarými fyrir nemendur. Að öðru leyti er aðstaða skólans góð og hann er vel búinn tækjum og gögnum. Umgengni um skólann er góð.

## Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður .....	2
Inngangur.....	4
Menntaskóli í tónlist .....	5
Niðurstöður ytra mats .....	8
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag .....	9
1.1. Um stefnu og áætlanir .....	9
1.2. Um stjórnendur.....	10
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur .....	10
1.4. Um innra mat .....	11
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð .....	12
2.1. Um nám og kennslu .....	12
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur .....	13
2.3. Um námsmat.....	13
2.4. Um kennara.....	14
2.5. Um námsgögn .....	14
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	15
3.1. Um skólabrag .....	15
3.2. Um samskipti í skólastofunni .....	15
3.3. Um félagslíf nemenda .....	16
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn .....	16
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	16
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður .....	17
Þáttur 5: Lykilárangur .....	18
5.1. Um námsárangur .....	18
5.2. Um árangur í grunnþáttum .....	18
5.3. Um langtímaárangur .....	19
Viðaukar – Greinargerð matsmanna.....	20
Umfjöllun um stjórnun og skipulag .....	20
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	25
Umfjöllun um samskipti og líðan.....	28
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað .....	30
Umfjöllun um lykilárangur.....	32
Heimildir og tilvísanir .....	34

## Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um ytra mat á starfsemi Menntaskóla í tónlist sem fram fór á haustönn 2018. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Védísí Grönvold og Þóri Ólafsson sem matsmenn og eru þau jafnframt höfundar þessarar skýrslu. Þau hófu vinnu við matið í ágúst 2018. Þeim til ráðgjafar var Helgi Svavarsson tónlistamaður og menntunarfræðingur.

Skýrslan hefst á tölulegum upplýsingum um starfsemi skólans. Í öðrum hluta er matslisti þar sem sjá má niðurstöður bæði skólans og matsmanna. Aftan við matslistana eru viðaukar þar sem finna má rök fyrir svörum matsmanna við spurningum í matslistum. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá þar sem gerð er grein fyrir þeim gögnum sem matsmenn lögðu til grundvallar.

Þann 15. ágúst 2018 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggist m.a. á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sett. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins. Þannig er ytra matinu að hluta til ætlað að sannreyna hvort niðurstöður skólans eigi við rök að styðjast.

Helstu gögn sem matsmenn nýttu við ytra matið voru:

- **Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna.** Þar má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, fjarvistir nemenda og brotthvarf, forfallakennslu, brautskráningar, samninga og skýrslur.
- **Vefur skólans (menton.is).** Á vefinn voru sótt ýmis gögn er varða sýn skólans og stefnu, skipulag náms og starfshætti.
- **Vettvangsheimsóknir.** Matsmenn gengu um skólann á kennslutíma í fylgd skólameistara og litu við í kennslustundum.
- **Umræður í rýnihópum og samtöl við einstaklinga.** Valið var í rýnihópa með stýrðu slembivali. Skólinn sá um að boða viðmælendur. Rætt var við stjórnendur (skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra), kennara (tveir hópar), hóp annarra starfsmanna, tvo hópa nemenda, stjórn nemendafélagsins og formann skólanefndar. Viðmælendur voru alls 37.

Á grundvelli þessa fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má sjá í viðaukum skýrslunnar.

Matsmenn þakka öllum sem lögðu þeim lið við ytra mat á Menntaskóla í tónlist. Margir komu að matinu og aðstoðuðu með ýmsum hætti svo sem við skipulagningu, boðun í viðtöl, með því að veita viðtöl eða taka þátt í starfi rýnihópa auk þess að leggja til margvísleg gögn og upplýsingar.

## Menntaskóli í tónlist

Ríkisstjórnin samþykkti í apríl 2016 tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að settur yrði á laggirnar sérstakur framhaldsskóli í tónlist. Skólanum var ætlað að bjóða upp á framhaldsskólanám með áherslu á hljóðfæraleik og söng og skyldu nemendur geta lokið stúdentsprófi af tónlistarbraut. Gert var ráð fyrir því að gera samning um kennslu allt að 200 nemenda sem stæðust inntökupróf í tónlist. Skólinn ætti að taka við umsóknum frá nemenda af landinu öllu og þar með óháð lögheimili. Hann skyldi rekinn samkvæmt lögum um framhaldsskóla á grundvelli viðurkenningar og þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fól Ríkiskaupum að auglýsa eftir aðilum til að stofna og reka framhaldsskóla í tónlist. Í maí 2016 var auglýst eftir hæfum aðilum sem vilja hefðu til að reka slíkan skóla. Ekki var um formlegt útboð að ræða heldur opin og gegnsæjan valferil sem er að finna í lögum um opinber innkaup. Auk markmiða um inntak náms og lokapróf var lögð á það áhersla í auglýsingu að skólinn ætti að þjóna nemendum af öllu landinu.

Að liðnum fresti til umsóknar og mati á umsækjendum var ákveðið að taka sameiginlegu tilboði Tónlistarskóla Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Tónlistarskólans í Reykjavík um stofnun framhaldsskóla á sviði tónlistar undir nafninu Menntaskóli í tónlist. Samningur um stofnun skólans var undirritaður af þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og forstöðumönnum skólanna tveggja í september 2016. Skólinn skyldi þjóna allt að 200 nemendum af öllu landinu sem ætla í framhaldsnám á sviði tónlistar meðal annars með stúdentsprófi að leiðarljósi.

Gengið var út frá því að skólaárið 2016-17 sinnti skólinn kennslu þeirra nemenda sem þegar höfðu hafið nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og söng á miðstigi hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH. Á þeim tíma skyldi unnið að viðurkenningu hins nýja skóla. Menntaskóli í tónlist fékk formlega viðurkenningu sem einkarekinn framhaldsskóli á sviði tónlistar 30. janúar 2017 og hóf starfsemi sem slíkur í upphafi skólaárs 2017-2018.

## Nemendur og nám

Eftirfarandi námsbrautir eru í boði við Menntaskóla í tónlist:

### Nám til stúdentsprófs.

Þar er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er námið valkostur fyrir þá sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Alls er námið 200 einingar og þar af 98 í tónlistargreinum. Annað nám á brautinni miðast við skólanámskrá Menntaskólans við Hamrahlíð. Í boði eru tvær námsbrautir til stúdentsprófs:

1. **Tónlistarbraut A í klassískri tónlist.** Á brautinni er megináhersla á klassíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og

áhugasviðum. Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði klassískrar tónlistar.

2. **Tónlistarbraut A í rytmískri tónlist.** Á brautinni er megináhersla á rytmíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og áhugasviðum. Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði rytmískrar tónlistar.

### **Nám til lokaprófs á 3. hæfniprepi.**

Lokaprófið krefst 150 eininga í tónlistarnámi. Námið er skipulagt sem grunnmenntun á sviði tónlistar fyrir þá sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist eða búa sig undir áframhaldandi nám. Brautin hentar þeim nemendum vel sem stunda nám við aðra framhaldsskóla eða hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Einnig er unnt að ljúka 95 eininga framhaldsprófi í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Í boði eru:

1. **Tónlistarbraut B í klassískri tónlist.** Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði klassískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar.
2. **Tónlistarbraut B í rytmískri tónlist.** Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði rytmískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar.

**Tónlistarbraut** Menntaskólans við Hamrahlíð er starfrækt í samstarfi við Menntaskóla í tónlist.

Í töflu 1 má sjá fjölda nemenda í MÍT eftir námsbrautum og kyni tvö fyrstu árin sem skólinn starfaði. Kynjahlutfall er býsna jafnt í heildina en það skekkist talsvert þegar val á námi er skoðað sérstaklega. Karlar velja fremur nám í rytmískri tónlist en konurnar að sama skapi í meirihluta í klassíska náminu. Nemendur á stúdentsbrautum skólans eru ennþá mjög fáir eða um 13% af nemendafjöldanum í heild.

**Tafla 1. Fjöldi nemenda í MÍT eftir kyni og braut haust 2017 og 2018**

	2017		2018	
	kk	kvk	kk	kvk
<b>Lokapróf á þriðja þrepi</b>				
Tónlistarbraut B – Klassísk	30	61	29	53
Tónlistarbraut B – Rytísk	59	33	54	31
<b>Stúdentsbrautir</b>				
Tónlistarbraut A-Klassísk	5	4	4	9
Tónlistarbraut A-Rytísk	8	3	7	5
<b>Samtals:</b>	<b>102</b>	<b>101</b>	<b>94</b>	<b>98</b>

Á haustönn 2018 voru 192 nemendur við nám í MÍT. Aldursbil þeirra er býsna breitt, þeir yngstu voru fæddir árið 2007 en um 20 nemendur voru fæddir fyrir árið 1990. Flestir eru nemendurnir á hinum dæmigerða aldri framhaldsskólanema en eldri nemendur eru samt sem áður veigamikill hluti nemendahópsins eða um 45%. Nokkuð er um að nemendur á grunnskólaaldri stundi nám við skólann þar sem þeir eru komnir á framhaldsstig í tónlistarnámi.

## Starfsfólk

Yfirlit yfir störf og fjölda starfsmanna í MÍT á haustönn 2018 má sjá í töflu 2. Starfsmenn voru alls 90 í um 37 stöðugildum. Kennarar voru alls 82 í liðlega 31 stöðugildi. Karlar voru talsvert fleiri í hópi kennara eða 49 á móti 33 konum. Sérstakt er að aðeins fjórir kennarar af 82 eru í fullu starfi við kennslu og einungis 24 til viðbótar í hálfri stöðu eða meira. Meira en helmingur kennaranna eða alls 54 er því í minna en hálfu starfi og af þeim eru 44 ráðnir í þriðjung úr stöðu eða minna.

**Tafla 2. Starfsfólk MÍT, aðrir en kennarar, á haustönn 2018**

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Skólameistari	1	1		
Aðstoðarskólama./áfangastjórar	1	1	2	1
Kennarar	49	14	33	17
Skrifstofa			2	1,5
Fjármál	1	1		
Bókavörður			1	0,5
<b>Samtals:</b>	<b>52</b>	<b>17</b>	<b>38</b>	<b>20</b>



## Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneyti skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum fyrir matsmenn. Þar er að finna ákvæði um gögn og aðferðarfræði matsins, einkunnagjöf og frágang matsskýrslu. Einnig eru þar settir fram fimm þættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólstarfs. Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Greindir eru styrkleikar og veikleikar hvers þáttar í skólstarfinu og einkunnir gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Vísbendingar sem metnar eru til einkunna eru alls 78. Við matið skal taka mið af eftirfarandi kvarða:

- (A) *Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- (B) *Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- (C) *Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- (D) *Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*
- (X) *Á ekki við*

Skóli hefur sjálfur í aðdraganda ytra mats metið stöðu sína með sömu viðmiðum og vísbendingum og matsmenn nota. Ytra matinu er að hluta ætlað að sannreyna sjálfsmat skólans. Niðurstöður eru settar fram á þann hátt að mat skólans er merkt „S“ og ytra mat matsmanna er merkt „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit.

**Almennur fyrirvari matsmanna:** Menntaskóli í tónlist er nýr framhaldsskóli og hefur einungis starfað eitt heilt skólaár sem viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólstarf er enn í mótun og ýmsir verkferlar framhaldsskóla rétt í burðarliðnum. Tónlistarnám er um margt sérstakt vegna þess hve stór hluti þess fer fram í einkakennslu. Margir kennara MÍT eru með kennslu sem hlutastarf og margir í mjög lágu starfshlutfalli. Það með öðru gerir stöðu þeirra um margt ósambærilega stöðu framhaldsskólakennara sem fastráðnir eru til kennslu við aðra skóla. Talsverður hluti nemenda MÍT hefur lokið námi, t.d. stúdentsprófi, frá öðrum framhaldsskólum eða stundar nám samhliða tónlistarnáminu. Þá sækja nemendur á stúdentsbrautum MÍT almennan hluta námsins í Menntaskólann við Hamrahlið. Hafa bera þessa sérstöðu í huga þar sem við ytra matið á MÍT á haustönn 2018 var notuð sama aðferðafræði og við ytra mat á öðrum framhaldsskólum.

## Viðmið og vísendingar

### Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

#### Mat á stjórnun og skipulagi:

##### 1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

#### Vísendingar

	X	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.		SM			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.			SM		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.			S	M	
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.				SM	
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	M		S		

## 1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.		SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.		SM			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.			SM		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.					SM
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		M	S		

## 1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsráða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.			S	M	
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.		S		M	
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	M		S		

#### 1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

##### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.					SM
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	M				S
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	M				
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.			SM		
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	M				S
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	M				S

## Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Mat á kennslu og námsframboði:

#### 2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

#### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	M	S			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.			SM		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	M	S			
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		SM			
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.			SM		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		SM			

## 2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	M		S		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM				

## 2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.		S	M		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM				
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		S	M		

## 2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		S	M		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.			SM		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.			SM		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.				SM	

## 2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluauðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM			
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.			S	M	
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.			SM		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		SM			
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.			SM		

### Þáttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

#### Mat á samskiptum og líðan:

##### 3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

##### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.		SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.		SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.		SM			

##### 3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

##### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.		SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.			S	M	



### 3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

#### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.			SM		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.			SM		
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.			SM		
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.			SM		

### 3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

#### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	S				M
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		SM			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	S				M

### 3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

#### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	SM				
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		SM			
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		SM			

## Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

### Mat á húsnæði og aðbúnaði:

#### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.				SM	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.		SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttastaðstöðu.	SM				
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.				SM	
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuáðstöðu í húsnæði skólans.			SM		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.	SM				
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.			SM		

## Þáttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Mat á lykilárangri:

#### 5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

#### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	M	S			
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	M	S			
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	SM				

#### 5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfnipáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	M	S			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	M	S			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	M	S			
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	M	S			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	M	S			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	M		S		

### 5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

### Vísbendingar

	X	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.	SM				
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	M	S			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	M	S			

## Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundavallar við ytra mat á Menntaskóla í tónlist haustið 2018. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar.

### Umfjöllun um stjórnun og skipulag

*Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.*

Menntaskóli í tónlist (MÍT) varð til við það að Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónlistarskóli FÍH sameinuðust um að stofna nýjan skóla á framhaldsskólastigi með það að markmiði að „skapa frjótt og fjölbreytilegt umhverfi fyrir efnilega tónlistarnemendur af landinu öllu þar sem þeir fá nægilega þjálfun í tónlistarflutningi, tónsköpun og fræðigreinum tónlistar.“ eins og segir í inngangi skólanámskrár MÍT. Sameina skyldi klassíska og rytmíska tónlist undir sama þaki og svara þannig m.a. aukinni eftirspurn eftir tónlistarmönnum sem geti brugðist við fjölbreytilegum aðstæðum og séu vel að sér í ólíkum tónlistarstefnum. Byggt er á starfi tveggja rötgróinna tónlistarskóla sem báðir eru sprotnir úr grasrót íslensks tónlistarlífs; Tónlistarskólinn í Reykjavík var stofnaður af Tónlistarfélaginu í Reykjavík árið 1930 og Tónlistarskóli FÍH af Félagi íslenskra tónlistarmanna árið 1980.

Samningur um stofnun Menntaskóla í tónlist var undirritaður 28. október 2016 samhliða samstarfssamningi til þriggja ára við mennta- og menningarmálaráðuneyti um rekstur framhaldsskóla í tónlist. Samningurinn var gerður í kjölfar auglýsingar um val á aðila um rekstur á viðurkenndum einkareknum framhaldsskóla í tónlist. Skólanum er skv. samningnum ætlað að þjóna allt að 200 nemendum af öllu landinu.

MÍT hlaut viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára frá 30. janúar 2017 að telja. Viðurkenningin er byggð á III. kafla laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010. Í viðurkenningunni felst að skólinn uppfylli almenn skilyrði laga um framhaldsskóla og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenningin byggir á því að metin hafa verið ýmis framlögð gögn um starfsemi MÍT. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, markmið náms og markhópur, skólanámskrá, námsbrautalýsingar, áfangalýsingar, rekstraröryggi, menntun og kjör starfsmanna og starfsaðstaða. Við mat á skólanámskrá er horft m.a. til inntökuskilyrða, skipulags náms, starfshátta og ákvæða er varða rétt og skyldur nemenda. Á grundvelli skólanámskrár MÍT er skólanum veitt viðurkenning til kennslu námsbrauta með lokapróf á þriðja stigi og til stúdentsprófs er byggir á tónlistarnámi.

Í samningnum milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og MÍT er að finna framkvæmdaáætlun sem felur í sér eftirfarandi verkefni:

- Skipuleggja og senda til staðfestingar nýjar námsbrautalýsingar.
- Skipuleggja skólastarf og útbúa skólanámskrá skv. lögum og aðalnámskrá framhaldsskóla.
- Gera áætlun um rekstur og nemendafjölda til þriggja ára.
- Útbúa vef til birtingar á skólanámskrá og almennum upplýsingum um skólasterfið.
- Skipuleggja skólastarf og þjónustu við nemendur á landsbyggðinni.

Framangreind atriði framkvæmdaáætlunar voru miðuð við að hefja mætti skólastarf í viðurkenndum framhaldsskóla á haustönn 2017. Það gekk eftir og skólinn tók við um 240 umsóknum um nám á haustönn 2017. Þar af voru 70 umsóknir frá nemendum með lögheimili utan Reykjavíkur. Af samtölum við stjórnendur skólans mátti ráða að þeir vilja styrkja tengslin við tónlistarskóla á landsbyggðinni enn frekar og hyggja á ferð um landið í þeim tilgangi.

Skólanámskrá MÍT 2017-2018 er sett upp sem heildstætt plagg og er hana að finna á upplýsandi og mjög vel hönnuðum vef skólans (menton.is). Í henni fást greinargóðar upplýsingar um skólasterfið. Þar er m.a. umfjöllun um skipulag skólans og framtíðarsýn, skipan náms, kennsluhætti og námsbrauta- og áfangalýsingar, skólareglur og ákvæði um sjálfsmat og gæðamál.


Stefna MÍT er sett fram í skólanámskrá í 10 áhersluatriðum:

- Að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám og tónlistarstörf.
- Að veita nemendum staðgóða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.
- Að leggja sérstaka rækt við samleik og samvinnu nemenda með því að standa að öflugum hljómsveitarstarfi og fjölbreyttum samspilsverkefnum í minni og stærri hópum.
- Að skapa frjótt skólaumhverfi þar sem nemendur fá nauðsynlegan undirbúning til að stunda háskólanám í tónlist og starfa sem tónlistarmenn.
- Að ráða færustu sérfræðinga sem völ er á til kennslu.
- Að hvetja nemendur til þess að iðka og hlusta á fjölbreytta tónlist, fara á tónleika, lesa sér til, hrífast og öðlast bættan skilning á listinni sem þeir iðka.
- Að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms og auknum tækifærum fyrir efnilega tónlistarnemendur til að sækja besta tónlistarnám sem völ er á óháð efnahag og búsetu.
- Að auka námsframboð til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til tónlistarmanna í samtímanum.
- Að gefa nemendum tækifæri á aukinni sérhæfingu í ólíkum stíltegundum tónlistar.
- Að bjóða upp á hagnýt námskeið um störf tónlistarmanna.

Eitt af skilyrðum viðurkenningar einkaskóla á framhaldsskólastigi er að þeir sendi Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina. Útgáfa á eiginlegri ársskýrslu MÍT er ekki komin í fastan farveg Skólinn þarf að koma sér upp sniðmáti fyrir ársskýrslu og koma reglu á útgáfu hennar. Leita má fyrirmynda í ársskýrslum annarra framhaldsskóla sem birtar eru á vefjum þeirra.

Í kafla um umgjörð og skipulag er fjallað um stjórnskipan skólans. Þar segir m.a. að með málefni skólans fari skólanefnd sem ræður skólameistara og framkvæmdastjóra skólans. Skólastjóri annast stjórn skólans og ber ábyrgð gagnvart skólanefnd. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfstilhögun skólans sé í samræmi við hlutverk hans, markmið og gæðakröfur. Hann framfylgir stefnu skólans og kemur fram fyrir hönd hans gagnvart starfsmönnum, nemendum og öðrum utanaðkomandi aðilum, skipuleggur starfsemi skólans og hefur yfirumsjón með skólastarfi. Framkvæmdastjóri sér um rekstur og fjármál skólans í umboði skólanefndar, hann gerir jafnframt drög að fjárhagsáætlun skólans og leggur fyrir skólanefnd. Í beinu framhaldi er eftirfarandi skipurit:

### Skipurit



Starfslýsingar annarra en skólameistara, rekstrarstjóra og skólanefndar er ekki að finna í skólanámskrá. Í handbók nemenda, sem sjá má á skólavefnum, er upplýsandi samantekt undir fyrirsögninni „Hvert skal leita?“ Þar má glöggva sig á því til hvers megi leita með tiltekin erindi og úrlausnarefni. Sjálfsagt er að birta starfslýsingar sem flestra starfsmann í samhengi við skipuritið. Ónákvæmi er í skipuritinu þar sem ekki er þar að finna deildarstjóra sem tengja væntanlega kennsluna og kennarana við yfirstjórn skólans. Þá er misræmi í skipuriti og skólanámskrá á heitum stjórnenda. Í skipuriti er að finna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem á öðrum stöðum, t.d. á vef skólans, bera starfsheitin skólameistari og aðstoðarskólameistari.

Í samtölum við rýnihóp koma fram samdóma álit um að MÍT væri vel stjórnað og góður andi einkenni skólastarfið. Skólameistari nýtur trausts sem faglegur leiðtogi skólans og vel er látið af samskiptum við alla stjórnendur. Aðgengi að stjórnendum er almennt sagt greitt og frjálst og þeir hvetjandi og sýnilegir í skólastarfinu. Starfsemi á tveimur stöðum var sögð gera það að verkum að stjórnendur væru aðgengilegir í Skipholti en Rauðagerði. Fram kom að skipulag skólans hefði í upphafi sameiningar skólanna virts mörgum óskýrt og reynt mjög á þolrifin jafn hjá starfsfólki sem nemendum. Miklar framfarir hefðu orðið á yfirstandandi skólaári og skipulag allt ljósara og þjálla og staða nemenda betri. „Allt í rétta átt“ eins og einn nemandi orðaði það.

Í 7. grein laga um framhaldsskóla segir: „Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað staðgengli hans og fulltrúum kennara og nemenda.“ Almennt er

miðað við að kosið sé til skólaráðs við upphaf hvers skólaárs og þar sitji fulltrúar kennara og nemenda auk skólastjórnenda. Ráðið fjallar um starfsáætlun skólans, skólareglur, umgengnishætti og fleira sem varðar samskipti innan skólans. MÍT hefur ekki skipað í skólaráð enn sem komið er. Starfsemi nemendafélags er að styrkjast og því tímabært að leggja grunn að starfsemi skólaráðs.

Í skólanámskrá MÍT er að finna heildstæða umfjöllun um sjálfsmat sem er lögboðinn þáttur í starfsemi framhaldsskóla. Þar segir m.a. að tilgangur sjálfsmats sé að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta árangur og stuðla að umbótum. Sjálfsmat skólans skal ná til skólastarfsins í heild, kennslu, stjórnunar, rekstrar, samskipta og annarra þátta sem tengjast skólanum. Sjálfsmatið skal unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnu skólans og niðurstöður birtar í árlegri sjálfsmatsskýrslu sem verði leiðbeinandi fyrir skólaþróun og umbætur í skólastarfinu m.a. með tengingu við reglubundin starfsmannasamtöl. Í niðurlagi umfjöllunarinnar segir: „Skólastjóri (sic) hefur yfirumsjón með sjálfsmati en honum er heimilt að skipa nefnd skipaða kennurum til að vinna að sjálfsmatsskýrslu.“ Þarna er lagður góður grunnur að aðferðafræði sjálfsmats en framkvæmdin er ennþá orðin tóm. Verkefni skólans er að útfæra framkvæmdina. Framhaldsskólar hafa þróað aðferðir við sjálfsmat um langt árabíl og þar má finna ýmsar útfærslur og margháttða reynslu af sjálfsmati, allt eftir stærð, námsframboði og annarri sérstöðu skólanna. Samstarf við aðra framhaldsskóla um uppbyggingu sjálfsmats gæti auðveldað MÍT verkið.

Skólanámskrá MÍT er um margt metnaðarfull og vel úr garði gerð. Við nánari athugun kemur þó í ljós að í henni er að finna ákvæði sem ekki hafa komist til framkvæmda enn. Þar sem skólinn er nýr er vel skiljanlegt að ýmsa þætti eigi eftir að vinna nánar en villandi er að þeim sé lýst í skólanámskrá sem hluta af skólastarfinu. Þannig er t.a.m. með umfjöllun í skólanámskrá um kennaranám, foreldrasamstarf og jafnréttisáætlun. Eðlilegt er að settir séu fyrirvarar um þau ákvæði hennar sem ekki hafa enn komið til framkvæmda.

### Styrkleikar

- Menntun byggð á gróinni hefð.
- Framsækin menntastefna.
- Sterk tengsl við tónlistarlíf í landinu.
- Jafnræði nemenda til skólavistar óháð búsetu.
- Skipulag náms unnið í samráði við kennara.
- Heildstæð skólanámskrá.
- Vel hannaður og upplýsandi skólavefur.
- Skólameistari nýtur trausts og aðgengi að stjórnendum er gott.
- Metnaður og samstaða um skólaþróun.

### Tækifæri til umbóta

- Gera starfslýsingar sýnilegri.
- Skerpa á verkaskiptingu stjórnenda í starfslýsingum.
- Laga skipurit betur að starfsemi og réttum starfsheitum.



- Koma reglu á útgáfu ársskýrslu.
- Virkja nemendur og foreldra við stefnumótun.
- Stofna skólaráð.
- Próa og koma á reglubundnu sjálfsmati.
- Setja fyrirvara í skólanámskrá um það sem ekki er komið til framkvæmda.

## Umfjöllun um kennslu og námsframboð

*Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.*

Það er stefna Menntaskóla í tónlist að undirbúa nemendur á stúdentsbrautum markvisst undir háskólanám og tónlistarstörf. Öllum nemendum vill skólinn veita staðgóða tónlistarmenntun sem styður þá í að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til tónlistarmanna í samtímanum. Framtíðarsýn sú sem mótuð hefur verið fyrir nýja skólann er skýr en hún byggir m.a. á langri reynslu sem fyrir var í skólunum tveimur sem stóðu að stofnun MÍT.

Við skólann kenna 82 kennarar en starfshlutfall þeirra er mjög breytilegt. Ólíkt því sem er í öðrum framhaldsskólum eru langfestir kennara MÍT í hlutastarfi við kennslu og meirihluti þeirra er í minna en hálfri stöðu. Stefna skólans er að ráða færustu sérfræðinga sem völ er á til kennslu. Leitast er við að fá til starfa kennara með þekkingu og reynslu á öllum sviðum tónlistar og tónlistarflutnings og flestir eru kennararnir starfandi tónlistarmenn.

Í 5. grein reglugerðar nr. 426/2010 um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi er kveðið á um að viðurkenningu fylgi það skilyrði að gætt sé ákvæða laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við framhaldsskóla við ráðningar í kennslu og stjórnunarstörf. Þetta felur í sér að MÍT verður að auglýsa árlega allar stöður sem ekki eru skipaðar kennurum með leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og sækja um undanþágur fyrir aðra að undangengnum ítrekuðum auglýsingum. Undanþegar þessu skilyrði eru þó ráðningar sérfræðinga til kennslu í allt að 240 mínútur á viku. Margir kennarar MÍT falla undir þetta sérstaka ákvæði en eigi að síður er álitlegur hópur sem verður að sæta árlegri auglýsingu á starfi sínu vegna þess að réttindi til kennslu skortir. Vegna framangreindrar sérstöðu kennarahópsins og eðlis kennslunnar er vandséð að skólinn geti fylgt ákvæðum lögverndunarlaga. Til umhugsunar er hvort ekki verði að taka ráðningarmálin sérstaklega upp við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Í skólanum liggur ekki fyrir stefna um endurmenntun eða símenntun á sviði menntunar- eða kennslufræða. Æskilegt er að skólinn komi sér upp áætlun um það hvernig símenntun geti styrkt skólastarfið og nýst kennurum til starfsþróunar t.d. í samhengi við umræðu um réttindamál hér á undan. Kennararnir sögðust vera virkir í að sækja sér símenntun á sínum sérsviðum og að stjórnendur skólans legðu sig fram við að koma til móts við þá t.d. með því að hliðra til kennslu svo þeir kæmst á vinnustofur hérlendis eða erlendis.

Kennslan í skólanum fer að hluta fram sem einstaklingskennsla. Kennararnir lýstu ánægju sinni með að hver nemandi fær 90 mínútna kennslu á hljóðfæri á viku en skipting þess tíma ákveður hver kennari í samráði við nemanda. Kennararnir sögðu þetta fyrirkomulag vera á pari við það sem best gerist í virtum skólum í nágrannalöndunum. Nemendurnir voru almennt ánægðir með einstaklingskennsluna og sögðu að jafnan væri

skipulag hennar að einhverju leyti samspil kennara og nemenda og að ákvarðanir um áherslur og tilhögun væru oftast teknar í samráði. Nemendur töldu kennsluhætti í einkatímunum vera fjölbreytta. Í bóklegu greinunum fannst nemendum vera nokkur fjölbreytni en e.t.v. væru vissir áfangar þar sem hana mætti auka. Það hefur líka áhrif á kennsluhætti að fjöldi nemenda í námshópum í bóklegu áföngunum er mjög mismunandi. Í sumum áföngum eru t.a.m. mjög fáir nemendur. Þar sem kennarar við skólann eru margir og menntun í kennslufræðum oft takmörkuð er líklegt að fagleg umræða innan skólans um kennsluhætti og þróun þeirra gæti styrkt uppbyggingu skólastarfsins.

Fram kom í heimsóknum matsmanna að hópur kennara við skólann hefur í sameiningu skoðað sérstaklega námsmat og einkunnir. Kennarar og stjórnendur töldu þörf á að skoða og samræma, eftir því sem við ætti, hvernig staðið er að námsmati í ólíkum greinum. Var m.a. rætt um að horfa sérstaklega til aðkomu prófdómara en nú eru tiltekin próf metin með aðkomu prófdómara úr hópnum samkennara og önnur metin af utanaðkomandi prófdómurum. Þessi vinna er mikilvægt skref í átt að bættum kennsluháttum, auknu jafnræði og bættu skólastarfi.

MÍT byggir á sameiningu tveggja rótgróinna tónlistarskóla. Það var á kennurum að heyra að með stofnun MÍT væri ýtt undir faglegt samtal kennara við skólann og fögnuðu þeir því.

Í skólanámskránni er lögð áhersla á að nemendur geti mótað nám sitt og valið bæði klassíska og rytmíska áfanga þótt þeir séu fyrst og fremst í námi í annarri hvorri deildinni. Nemendur sem rætt var við voru ánægðir með það fyrirkomulag og sögðust nýta sér það. Áhersla á breitt námsframboð á ólíkum sviðum virðist því vera að skila sér.

Kennararnir nota ekki allir INNU og veldur það nemendum nokkrum óþægindum. INNA er enn sem komið er fyrst og fremst notuð til nemendabókhalds en ónýttir eru þeir möguleikar sem þar eru til að halda utan um skipulag náms, verkefni og önnur samskipti nemenda og kennara. Þeir nemendur sem sækja bóklega námið í MH hafa tvískiptan aðgang að INNU, annan vegna MÍT og hinn vegna námsins í MH.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir að kennsluáætlun skuli liggja fyrir við upphaf kennslu og er tiltekið hvað skuli koma þar fram. Birta skal viðmið um þekkingu, leikni og hæfni, almenna lýsingu, upplýsingar um námsmat, námsefni og verkefni. Kennsluáætlanir MÍT eru ekki birtar á ytri vef en matsmenn óskuðu eftir sýnishornum úr tilteknum áföngum. Hluti umbeðinna kennsluáætlana barst og voru þær flestar í samræmi við kröfur námskrár en þó ekki settar fram með samræmdum hætti. Samræmt verklag við gerð kennsluáætlana veitir faglega leiðsögn og má ef til vill nýta sem grundvöll samstarfs kennara í ólíkum kennslugreinum.

Ekki er hefð fyrir því að settar séu saman skriflegar kennsluáætlanir fyrir einkatíma í hljóðfæraleik. Bæði nemendur og kennarar sögðu að jafnan væri þar ljóst að hverju væri stefnt og töluðu kennararnir t.d. um að tekið væri mið af aðalnámskrá í tónlist við skipulag kennslunnar. Í samræmi við annað framhaldsskólanám þarf við upphaf annar að setja saman kennsluáætlun fyrir einkatíma og gætu kennari og nemandi í sameiningu sett saman skriflega kennsluáætlun.

Í framhaldsskólum er gert ráð fyrir að nám og annað skólastarf sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. MÍT horfir einnig til aðalnámskrár tónlistarskóla þegar kemur að skipulagi kennslu og mati. Það gerir skólanum að vissu marki erfitt um vika að setja saman nálgun sem mætir kröfum beggja námskránna. Í samhengi þeirra

breytinga sem orðið hafa með tilkomu MÍT má telja eðlilegt að unnið verði að samræmingu áherslna þessara tveggja námskráa.

### Styrkleikar

- Kennarar áhugasamir um að byggja upp góða kennslu í nýjum skóla.
- Einstaklingsmiðuð kennsla sem mætir þörfum nemenda.
- Kennarar með sérþekkingu á því hljóðfæri sem þeir kenna á.
- Áhugasamir nemendur.

### Tækifæri til umbóta

- Koma á áætlun um endurmenntun/símenntun kennara.
- Samræma notkun kennara á INNU.
- Kennslufræðimenntun kennara er ekki í samræmi við lög þar að lútandi.
- Í upphafi annar geri nemendur og kennarar skriflega kennsluáætlun fyrir einkatíma.
- Kennsluáætlanir þurfa að liggja fyrir í öllum áföngum.
- Frekari samþætting klassíska og rytmíska námsins.
- Koma á markvissri vinnu meðal kennara og nemenda tengda kennsluháttum.

## Umfjöllun um samskipti og líðan

*Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.*

Nemendum virðist almennt líða vel í MÍT ef marka má samtöl matsmanna við þá, en ekki eru gerðar reglulegar kannanir á líðan nemenda. Tónlist er jafnan áhugamál nemenda við skólann og með náminu sameina þeir nám og áhugamál. Af 192 nemendum skólans eru 25 sem hyggjast útskrifast sem stúdentar frá MÍT. Nemendur á stúdentsbrautunum sögðu það ganga vel að samtvinnu tónlistatengda námið og bóklegu áfangana sem þeir sækja í Menntaskólann við Hamrahlíð (MH). Þeir sögðust nýta sér það sem þeim finnst áhugavert í félagslífi hvors skóla um sig. Hjá þessum hópi nemenda er skóladagurinn í sumum tilfellum nokkuð langur en nemendurnir sem rætt var við höfðu ekkert við það að athuga. Í viðtölum í skólanum kom fram að í upphafi þessa skólaárs hafa stjórnendur rætt við öll stúdentsefni, farið yfir námsferla og spurt nemendurna um þeirra skoðun á náminu og skipulagi þess. Ánægja var með þessi samtöl og töldu nemendur skipulag skólafarsins hafa færst í skýrari farveg á þessu ári. Einnig litu þeir á viðtölin sem viðleitni skólans til að taka mið af þeirra sýn við uppbyggingu starfsins.

Það gefur skólanum töluverða sérstöðu sem framhaldsskóla að 13% nemenda stefna að stúdentsprófi og 87% nemenda stefna að öðrum námslokum. Önnur námslok geta verið burtfararpróf sem sett er saman úr 150 framhaldsskólaeiningum eða framhaldspróf í tónlist samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla sem telur 96 framhaldsskólaeiningar. Það er því hópur nemenda í skólanum sem t.d. hefur þegar lokið stúdentsprófi. Aldursdreifing nemenda er önnur en almennt gerist í framhaldsskólum. Á yfirstandandi skólaári er yngsti nemandinn fæddur 2007 en sá elsti 1961. Nemendur á skólaskyldualdri (fæddir 2007-2003) eru 19 og nemendur 20 ára og eldri (fæddir 1998-1961) 102. Af framansögðu leiðir að uppeldisstarf skólans er líklegt til að verða með nokkuð öðrum hætti en í rótgrónum framhaldsskólum.

Með hliðsjón af sérstöðu sinni sem meðal annars felst í sterkri tengingu skólans við áhugasvið nemenda, mikilli aldursdreifingu og mismunandi markmiðum nemenda þarf skólinn að marka sér stefnu í málum er varða uppeldisstarf skólans og velferð nemenda. Einnig þarf að byggja upp samstarf við foreldra í samræmi við lög um framhaldsskóla.

Þegar rætt var um nemendur með sérþarfir við kennarana nefndu þeir helst að styðja mætti betur við nemendur með kvíða og sviðsfælni. Skólinn á eftir að koma á reglubundnu mati á líðan nemenda en æskilegt er að hann finni sem fyrst heppilega leið fyrir slíkt í tengslum við sjálfsmat skólans. Áhersla MÍT á einkakennslu getur falið í sér visst eftirlit með líðan nemenda og nemendur nefndu að stjórnendur hvettu þá sem væru ósáttir hjá einkakennara til að koma með slíkar athugasemdir til þeirra.

Skólinn býr við þær aðstæður að tónlistarkennslan fer fram á tveimur stöðum. Í tilfellum nemenda á stúdentsbrautum bætist þriðji kennslustaðurinn við. Þessu fylgir óhjákvæmilega ýmislegt óhagræði bæði fyrir nemendur og kennara. Það er því mikilvægt að skólinn vinni markvisst með þær ögranir sem fylgja því að hafa

starfsemi á fleiri en einum stað og þeim áhrifum sem það hefur á samskipti innan skólans. Leitast þarf við að viðhalda þeim góða skólabrag sem nú ríkir í skólanum.

### Styrkleikar

- Nemendur sem rætt var við voru ánægðir í skólanum.
- Nemendum gengur vel að tengja námið í MÍT bóknáminu í MH.
- Aukið samráð við nemendur styrkir mótun skólastarfsins.

### Tækifæri til umbóta

- Marka stefnu um uppeldisstarf og velferð nemenda með hliðsjón af sérstöðu skólans.
- Fylgjast reglulega og markvisst með líðan nemenda.
- Skoða hvort ástæða er til að styðja betur nemendur sem glíma við kvíða.
- Koma á föstu samstarf við foreldra.

## Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað

*Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.*

Kennsla í Menntaskóla í tónlist fer fram á tveimur stöðum í Reykjavík í húsnæði sem er að langmestu leyti í eigu stofnenda skólans. Höfuðstöðvar rytmískrar deildar eru í Rauðagerði í húsi Tónlistarskóla Félags íslenskar tónlistarmanna (FÍH) en kennsla í klassískri deild fer fyrst og fremst fram í húsnæði Tónlistarskólans í Reykjavík við Skipholt.

Aðstaðan í Rauðagerði samanstendur af nokkrum samtengdum byggingum frá mismunandi tímum, alls 1.450 fermetrar að flatarmáli. Í elsta hluta skólans, svokallaðri austurbyggingu, eru níu kennslustofur auk sérhæfðrar slagverksstofu með tilheyrandi búnaði og samspilsstofu með hljóðkerfi, trommusetti og flygli. Í öllu stofum er eitt til tvö píanó eða flyglar, skjávarpar og hljómflutningstæki. Í húsinu er einnig starfsaðstaða fyrir kennara. Í vesturbyggingu er rúmlega 300 fermetra tónleikasalur sem einnig er notaður til kennslu stærri nemendahópa. Salurinn er búinn öllum helsta búnaði, stærri hljóðfærum, hljóðkerfi, ljós búnaði og hljóðdempun auk borða og stóla. Sérstakt upphitunarrými til undirbúnings tónleikum er við salinn og jafnframt er hann tengdur við hljóðver skólans. Nemendum stendur til boða að fá upptökur af tónleikum sem þeir taka þátt í. Vikulegir tónleikar skólans fara fram í salnum. Milli salar og austurbyggingar var reist tengibygging árið 2004. Þar eru m.a. skrifstofur skólans, smærri tónleikasalur og samspilsherbergi, hljóðver og aðstaða fyrir nemendur og gesti skólans. Skólinn á stórt safn af uppteknu tónlistarefni auk nótna og kennslubóka. Allt húsnæði skólans hefur verið lagað að kröfum um tónlistarkennslu t.a.m. um hljóðbærni. MÍT deilir aðstöðunni í Rauðagerði að hluta til með FÍH. Sé litið yfir starfsaðstöðu rytmísku deildarinnar í heild verður til mynd af heildstæðri umgjörð um tónlistarskóla sem er vel búinn hvort sem litið er til aðstöðu, búnaðar eða tækni.

Í Skipholti hefur MÍT yfir að ráða húsnæði á tveimur efstu hæðum hússins með hrífandi útsýni yfir Sundin, Esjuna og Flóann. Efri hæðin er í eigu Tónlistarskólans í Reykjavík en þá neðri hefur skólinn á leigu. Í skólanum eru tólf kennslustofur af ólíkum stærðum og með mismunandi búnaði, lítill tónleikasalur og vel útbúið safn nótna- og handbóka um klassíska tónlist. Á efri hæðinni eru auk kennslustofa skrifstofur, kaffistofa starfsmanna og aðstaða fyrir nemendur utan kennslustunda. Á neðri hæðinni eru kennslustofur, kaffistofa og aðstaða fyrir nemendur. Flestar eru kennslustofurnar sniðnar að einkakennslu á hljóðfæri og þar af leiðandi litlar en tvær stofanna eru stærri og henta til bóklegrar kennslu stærri hópa. Efsta hæð skólans var á sínum tíma byggð fyrir Tónlistarskólann í Reykjavík með hliðsjón af þeim kröfum sem þá voru almennt gerðar til húsnæðis fyrir tónlistarkennslu. Aðstaðan stendur enn fyrir sínu en heyra mátti á máli sumra að of hljóðbært væri á milli kennslustofa og þyrfti af þeim sökum stundum að leita í önnur rými skólans. Fastur kennslubúnaður er fyrst og fremst flyglar auk hljómflutningstækja en skólinn á jafnframt mörg blásturs- og strengjahljóðfæri. Umgengni um bæði húsinn er góð.

Mikilvægur liður í þjónustu MÍT við nemendur er að veita þeim aðgang að aðstöðu til æfinga utan kennslutíma. Hús skólans í Rauðagerði og Skipholti standa nemendum opin til klukkan tíu á kvöldin. Vegna sérhæfðs tækjakosts

Í rytmíska náminu er talsverð umsýsla við skipulag æfingátímanna í Rauðagerði og til athugunar er að opna þar einnig að hluta til um helgar.

Sú staðreynd að MÍT starfar á tveimur stöðum hefur talsvert óhagræði í för með sér fyrir nemendur sem þurfa að koma sér á milli staða til að tengja saman nám í mismunandi tónlistargreinum. Við það bætist að hluti nemendanna stundar almennar námsgreinar á stúdentsbrautum MÍT í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Horft til framtíðar liggur beint við að styrkja má samlegð menntunar í mismunandi tónlistargreinum enn frekar með kennslu þeirra í sama húsnæði. Stjórnendur MÍT hafa þegar lagt nokkurn grunn að þeirri framtíðarsýn með því að gera greiningu á rýmisþörf sameinaðs skóla og látið hana drög að útfærslu hentugrar skólabyggingar.

### Styrkleikar

- Hljóðfærakostur til kennslu bæði klassískrar og rytmískrar tónlistar.
- Góð aðstaða og tæknileg umgjörð til rytmískrar kennslu.
- Vel útbúið og bjart bókasafn í Skipholti.
- Húsnæði skólans opið nemendum til æfinga.
- Góð umgengni á báðum stöðum.

### Tækifæri til umbóta

- Sameina alla starfsemi undir sama þaki.
- Bæta hljóðeinangrun í Skipholti.



## Umfjöllun um lykilárangur

*Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.*

Ekki eru settar fram fastmótaðar aðferðir eða mælikvarðar um hvernig meta skuli lykilárangur framhaldsskóla. Forsendur fyrir slíku mati er nærtækast að sækja í þær skyldur og hlutverk sem framhaldsskólunum er ætlað í lögum um framhaldsskóla og regluverki byggðu á þeim. Í annarri grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að hlutverk þeirra sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi og búa nemendur þannig undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám.

Sérstaða Menntaskóla í tónlist (MÍT) er umtalsverð sé litið til hinna almennu framhaldsskóla hvort heldur er á sviði bók- eða verknáms. Í skólanámskrá MÍT er sérstakur kafli um tengingu við aðalnámskrá framhaldsskóla og leitast við að draga fram hvernig leggja megi rækt við einstaka grunnþætti menntunar í skólastarfinu. Almennt má þó segja að skólanámskrá MÍT sé miðuð að tónlistarnáminu sérstaklega og þá aðalnámskrá tónlistaskóla lögð til grundvallar í starfinu. Sem dæmi má nefna að samkvæmt námskrá MÍT er unnt að ljúka framhaldsprófi í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Eðlilegt verður að teljast að skipulag námsbrauta skólans sem framhaldsskóla taki mið af aðalnámskrá framhaldsskóla og þeim námslokum sem þar eru skilgreind.

MÍT hefur einsett sér að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám og jafnframt að veita nemendum staðgóða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel, hvað svo sem þeir taka sér fyrir hendur. Sérstaka rækt skal leggja við samleik og samvinnu nemenda og stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms óháð efnahag og búsetu. Tónlistarnámið er í eðli sínu sérnám fyrir úrvalsnemendur í tónlist. Það hefur síður þá almennu og breiðu skírskotun sem gerð er krafa um í aðalnámskrá framhaldsskóla og aðrir framhaldsskólar leitast við að mæta.

Þó svo skólarnir sem stóðu að baki stofnunar MÍT eigi sér langa sögu markaði skólinn nýtt upphaf er hann hóf starfsemi sína haustið 2016. Skólinn var kominn með viðurkenningu sem framhaldsskóli fyrir upphaf skólaárs 2017-2018 og á stuttum starfstíma hefur mikil vinna verið lögð í að skapa nýjan skóla á gömlum grunni. Stjórnendur, kennarar og nemendur binda vonir við að hinn nýi skóli fái að vaxa og dafna og margar hugmyndir að nýjungum, breytingum og auknu samspieli eru að taka á sig mynd og fleiri liggja í loftinu.

Í skólanámskrá MÍT er að finna greinargóða lýsingu á fyrirhuguðu sjálfsmati skóla sem bíður þess að komast til framkvæmda. Það er mikilvægt að fljótlega verði lagt fram skipulag eða áætlun um hvernig meta á árangur af skólastarfinu til framtíðar. Ekki þarf að koma á óvart að það starf sé enn óunnið þegar haft er í huga að orka stjórnenda og starfsfólks hefur fyrst og fremst farið í að koma skólanum af stað með sérstakri áherslu á skipulag kennslunnar. Þess má þó geta að í vetur hefur hópur kennara skoðað námsmatið og leitast við að samræma áherslur í því innan skólans. Þá vinnu mætti sjá sem lið í sjálfsmati skólans þegar gerð verður formleg áætlun um sjálfsmatið.

Fyrirverandi stjórnendur skólanna sem stóðu að myndun MÍT sögðust hafa nokkuð góða mynd af því hvað orðið hefur um fyrrum nemendur skólanna og eðli máls samkvæmt verða þeir oft sýnilegir í tónlistarlífinu. Æskilegt er að MÍT fylgist skipulega með þeim nemendum sem ljúka námi frá skólanum til að geta metið hvernig námið hefur nýst þeim á seinni stigum. Slíkar upplýsingar geta verið nýtilegar við mat og umbætur á skólastarfi.

Menntaskóli í tónlist er rúmlega árgamall skóli og því takmörkuð reynsla komin á skólastarfið. Matsmenn telja því ekki eiga við að setja fram frekari greiningu á lykilárangri.

## Heimildir og tilvísanir

### Inngangur og almennar upplýsingar

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskóla í tónlist (menton.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Skólanámskrá Menntaskóla í tónlist.
- Viðtal við formann skólanefndar.

### Matsþættir og rökstuðningur við niðurstöður

#### Stjórnun og skipulag

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskóla í tónlist (menton.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Samstarfssamningur um stofnun og rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar, 28. október 2018.
- Viðurkenningarbréf Menntamálstofnunar 30. janúar 2017.
- Ársskýrsla MÍT 2016-2017 og starfsáætlun fyrir skólaárið 2017-2018.
- Framvinduskýrsla til mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Skólanámskrá Menntaskóla í tónlist.
- Viðtal við formann skólanefndar.

#### Kennsla og námsframboð

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskóla í tónlist (menton.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Skólanámskrá Menntaskóla í tónlist.
- Samstarfssamningur um stofnun og rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar, 28. október 2018.
- Viðurkenningarbréf Menntamálstofnunar 30. janúar 2017.
- Viðtal við formann skólanefndar.

#### Samskipti og líðan

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskóla í tónlist (menton.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Skólanámskrá Menntaskóla í tónlist.

### **Húsnæði og aðbúnaður**

- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Upplýsingar um umsækjendur (o.fl., samantekt MÍT).
- Tónlistarþorpið, hugmyndir að skólahúsi MÍT.
- Viðtal við formann skólanefndar.

### **Lykilárangur**

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Menntaskóla í tónlist (menton.is).
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Skólanámskrá Menntaskóla í tónlist.
- Viðtal við formann skólanefndar.